

Alþingi
Erindi nr. P 127 / FFE
komudagur 9.4.2002

Til heilbrigðis og trygginganefndar Alþingis

Reykjavík, 7. apríl 2002

Stjórn Landssambands eldri borgara hefur skv. beiðni þingnefndarinnar fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994 með síðari breytingum.

Frumvarp þetta hefur eins og segir í almennum athugasemdum með því fyrst og fremst inni að halda ákvæði til breytinga á lyfjalögum sem taldar eru að mati höfundu þess nauðsynlegar vegna breyttrar starfsemi lyfjaverslana að undanfögnu.

Vitaskuld þurfa lögin innan skynsamlegra marka að taka tillit til breyttra aðstæðna og að stuðla að sem mestu öryggi og betri þjónustu við sölu lyfja.

Stjórn Landssambandsins lítur ekki svo á að í frumvarpi þessu felist neinar þær megin breytingar sem skipti verulegu máli fyrir hinn almenna neytanda, heldur sé hér fyrst og fremst um tæknilegar og hagræðingar breytingar að ræða.

Í fljótu bragði virðist okkur ekki alveg vera samræmi milli þeirrar breytingar sem lögð er til á 1. mgr. 21. gr. laganna og n.v. 1. mgr. 20. gr. þeirra um lyfjasöluleyfi. Þarf það að athugast nánar.

Að svo búnu leggur stjórn LEB til að frumvarpi þessu verði veitt brautargengi í gegnum Alþingi.

F.h. stjórnar Landssambands eldri borgara


Benedikt Davíðsson

p.s. Við hefðum gjarnan viljað sjá ýmsar breytingatillögur við 39. og 40. gr. laganna, t.d. finnst okkur vanta í 40. greinina ákvæði um setu fulltrúa neytenda í lyfjaverðsnefnd.

BD